

og sókt fyrir yfirdómi með gjafsókn, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Merkjadómurinn sje óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. marsmán.

Nr. 3/1886

Rjettvísinn

gegn

Jóni Vigfússyni

D ó m u r :

Með eigin játning hins ákærða Jóns Vigfússonar og öðrum skýrslum, sem komnar eru fram undir málinu, er það löglega sannað, að hann hafi haustið 1884 brotízt 9 sinnum inn í sölubúð H. P. Dúús verzlunar í Keflavík með þeim hætti, að hann mölv-aði glugga á kjallaranum undir búðinni, sem er sjerstakt hús, eigi notað til íbúðar, braut glugga-póstana og járnlár, sem eru innanvert við gluggana, með planku, er hann tók á stakkstæðinu og skreid síðan inn um gluggana í kjallarann og komst það-an upp í búðina. Í síðasta skiptið, sem hinn ákærði brauzt inn í sölubúðina, var hann handsamaður af 2 mönnum, sem vöktu í kjallaranum, áður en hann gæti tekið neitt. Í hin skiptin hafði hinn ákærði stolið munntóbaki, hjerumbíl 2 pundum, vínflösku og nokkru af skonroki og sykri; meiru hefur hann ekki kannazt við að hafa stolið, enda hefur ekki getað sannazt, hvað eða hversu mikið hafi horfið úr

kjallaranum og búðinni á því tímabili, sem innbrotin fóru fram. Fyrir þennan þjófnað er hinn ákærði með aukafingsdómi Kjósar- og Gullbringusýslu dæmdur í 1 árs betrunarhússvinnu og til að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns í hjeraði 4 kr.; en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða skotið til landsyfirdómsins.

Afbrot hins ákærða, sem er fæddur 9. nóvbr. 1861, og ekki hefur áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr. hinna almennu hegningarlaga, og virðist hegning sú, sem hinn ákærði verðskuldar fyrir afbrot sitt, einnig hæfilega metin af undirdómaranum 1 árs betrunarhússvinna. Ber því að staðfesta hjeradsdóminn, einnig að því er snertir málskostnað í hjeraði. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Á rekstri málsins í hjeraði hefur orðið talsverður dráttur, þar sem ekkert hefur verið við það átt frá því prófunum var lokið 27. jan. f. á. þangað til að stefna var gefin út í september — stefnan er ódagsett, — en þó dráttur þessi ekki rjettlæstist fyllilega af því atviki, að hinn ákærði hafi farið með þilskipi á fiskiveiðar um vorið og ekki komið heim aftur fyr en í ágústmánuði, virðist ekki vera næg ástæða til láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir dráttinn.

Sókn og vörn málsins í yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn á óraskaður að standa. Hinn ákærði Jón Vigfússon greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir landsyfirdóminum, málsfærslumannanna Sigurðar Þórðarsonar og Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. aprilmán.

Nr. 43/1885

Kr. Ó. Þorgrímsson
 gegn
 E. Egilson.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 17. desbr. f. á., hefur Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til landsyfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlí 1885, í máli milli hans og Egilssons út af meidyrðum —, en með þeim dómi er hinn stefndi dæmdur til að lúka í sekt til landssjóðs 50 kr., ella sæta einföldu fangelsi í 15 daga, og greiða áfrýjanda í málskostnað 12 kr.; svo er og orðið „lygari“, er hinn stefndi hafði við haft um áfrýjanda, dæmt dautt og ómerkt —, og krafizt fyrst og fremst, að hinn stefndi verði dæmdur í þá hörðustu hegningu, en að hjeraðsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur, en til vara, að undirrjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og hvernig sem fer, að hinn stefndi verði dæmdur til að lúka hæfi-